



Þingeyskt og Þjóðlegt Aðalfundur

Verður haldinn í Kiðagili í Bárðardal

19. október n.k kl 11

boðið verður upp á léttar veitingar í hádeginu.

Á dagskrá venjuleg aðalfundarstörf og rætt um starfemi vetrarins en auk þess mun **Sunniva Hafsteinsdóttir** frá **handverki og hönnun** fræða þátttakendur um markaðssetningu, uppstillingar og fleira

Frábær fyrirlestur sem handverksfólk ætti ekki að láta framhjá sér fara.

Nýjustu þátttakendurnir Handverksskonur milli heiða sérstaklega velkomnar og við vonumst til að sjá sem flesta úr þeim hóp.

Nýir félagar hjartanlega velkomnir
stjórnin

Haustfundur Kvenfélags Ljósvetninga



verður haldinn fimmtudagskvöldið 17. október

kl.20:30 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju.

Allar konur velkomnar og alltaf nóg pláss fyrir

nýjar félagskonur.



Leiðarþing-

12. október í Hlíðarbæ Hörgársveit kl. 11-16

**Viltu taka þátt í að móta áherslur Menningarráðs Eyþings?
Hefur þú skoðun á því hvernig menningarsamningar
framtíðarinnar eiga að vera?**

**Viltu vita hvernig hugmyndir verða að veruleika?
Ertu með hugmynd og vantar samstarfsaðila?
Þá er Leiðarþing eitthvað fyrir þig!**

Dagskrá

Ávarp Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður Eyþings

Litið um öxl

Sigrún Björk Jakobsdóttir fyrsti formaður Menningarráðs Eyþings

Menningarsamningar framtíðarinnar

Karitas Gunnarsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu menningarmála, mennta
- og menningarmálaráðuneytinu

Veruleiki hugmynda

Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), prófessor við Listaháskóla
Íslands

Hádegisverður

Út fyrir kassann

Pétur Halldórsson framkvæmdastjóri Barkokksmiðju Hólastiftis

Upplit - Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Skúli Sæland formaður Upplits

Hraðstefnumót hugmynda

Þórgnýr Dýrfjörð

Vinnustofa

Menningarráð Eyþings

Samantekt og lokaorð

Arnór Benónýsson formaður Menningarráðs Eyþings

Þingið er þátttakendum að kostnaðarlausu en skráningar óskast á netfangið menning@eything.is

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
menningarfulltrúi Eyþings sími 464 9935



Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2013. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi **4. nóvember n.k.**

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2013. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi **4. nóvember n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2012 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

**Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar**



KALLIÐ

Þriðja skáldsaga Elí Freyssonar kemur út laugardaginn 12. október, útgáfunni verður fagnað í Pennanum á Akureyri kl. 14:00 til 16:00. Elí áritar bækur og býður uppá léttar veitingar.

Félagafundur

Kirkjukórs Grenjaðarstaðakirkju

verður haldinn fimmtudagskvöldið 17. október kl. 20:00 í safnaðarheimilinu Grenjaðarstað. Fyrsta æfing vetrarins verður strax eftir fundinn. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.



Eldri borgarar athugið !

Næst þegar opið hús verður að Hafralæk þann 15. okt, mætir Snorri G. Sigurðsson með greiningarsýningu úr ljósmyndasafni Þingeyinga. Hverjir þekkja hverja á myndunum? Kemur í ljós.

Nefndarkonur.

VERSLUNIN
SNÆLDAN
HÚSAVÍK

Jólafondur fím. 17. október frá kl. 12:³⁰ til 22:⁰⁰

Full búð af jólafondurspakkingum, hekl-
uppskriftum, jólakúlum, englum, bjöllum o.fl.
20% afsláttur af heklgarni þennan dag.

Opnunartími:

Mánudag til föstudags 12:30-17:00

Laugardag 11:00-13:00

Verið velkomin
Solla og Rúna

Stóragarði 11 | Húsavík | s: 464 1313 | @: snaeldan@gmail.com



Leikdeild Eflingar

Fundur verður haldinn í matsal
Litlulaugaskóla

miðvikudagskvöldið 16. október kl. 20:00. Þar fer
fram kynning á fyrirhuguðu vetrarstarfi.

Allir sem áhuga hafa á að taka þátt, á einn eða
annan hátt, velkomnir.

Leiknefnd Eflingar

Sunnudagaskóli Einarstöðum



Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi
sunnudag, 13. október, klukkan 11:00

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Kvöldguðspjónusta í Þorgeirskirkju

Kvöldguðspjónusta verður í Þorgeirskirkju
sunnudagskvöldið 13. október kl. 20.30.

Félagar úr kirkjukórum syngja undir stjórn Dagnýjar
Pétursdóttur. Fermingarbörn vorið 2014 ganga til altaris
ásamt ástvinum og söfnuði.

DALAKOFINN



Kótelettukvöld -

Föstudaginn 25. október nk. verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir.

Miðaverð er 4500 kr. síðasti skráningardagur er mánudaginn 21. október. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344.

Breyttur opnunartími

Mánudaginn 14. október hefst vetraropnun í Dalakofanum og verður þannig nema annað verði auglýst:

Mánudaga – miðvikudaga kl: 10 – 18

Fimmtudaga – laugardaga kl: 10 – 20

Sunnudaga kl: 13 – 17

Verslun og veitingastaður eru alltaf opnir á sama tíma.

Brids

Fimmtudaginn 10. október byrjar brids í Dalakofanum og hefst kl. 20.30 Spilað verður tvímenningur og eru allir velkomnir.

Kaffigjald er 500 kr. eins og áður.

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464-3344

40. tbl.
10. október
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

INFLÚENSUBÓLUSETNING !



Á LAUGUM

Bólusetning verður í boði á heilsugæslustöðinni á Laugum **miðvikudaginn 16/10 kl. 10-12**

Vinsamlegast pantið tíma - sími 4640501

Í BÁRÐARDAL

Bólusetning verður í boði í Kiðgali

miðvikudaginn 16/10 kl. 14-15

Vinsamlegast pantið tíma - sími 4640501

Allir einstaklingar eldri en 60 ára ættu að láta bólusetja sig. Einnig öll börn og fullorðnir sem eru með langvinna hjarta-, lungna-, nýrna-, og lifrarsjúkdóma, sykursýki, illkynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.

Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Einstaklingar sem tilheyra þessum hópum fá nú bóluefnið sér að kostnaðarlausu og greiða einungis komugjald við bólusetningu.